

Nd. **72. Frumvarp til laga** [69. mál]

um breytingu á lögum nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Í 3. gr. laganna bætist ný mgr., sem verði 2. mgr. svohljóðandi:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að áður en gjald er lagt á saltsíld samkvæmt 2. gr., skuli draga frá f. o. b.-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að gjald samkvæmt 2. gr. skuli ekki innheimt af edik-söltuðum síldarflökum og öðrum síldarflökum, sem verkuð eru á svipaðan hátt.

2. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði, er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi framleiddu á tímabilinu 1. október til 31. desember 1981 nema 3,575% af f. o. b.-verðmæti útflutnings.

Tekjur af gjaldinu skiptast sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs, áhafnadeildar	32,3%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja:	
a) Til greiðslu á hluta af váttryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneyti setur	30,8%
b) Til aldurslagatryggingar til úthlutunar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	4,6%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs:	
a) Til Fiskveiðasjóðs	27,7%
b) Til Fiskimálasjóðs	1,2%
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1,6%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,9%
6. Til samtaka sjómanna	0,9%

Samtals: 100,0%

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að ekki skuli innheimt gjald samkvæmt 2. gr. af allt að 1 600 tonnum af þurrkuðum saltfiski af saltfiskframleiðslu ársins 1981. Ráðherra getur og ákveðið að gjaldið verði endurgreitt.

Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að ekki skuli innheimta gjald samkvæmt 2. gr. af skreið, sem unnin er úr kolmunna, sem veiddur er á árunum 1981—1982 og að endurgreiða það gjald, sem þegar kann að hafa verið greitt af afurðum unnum úr kolmunna, sem veiddur var á árinu 1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Undanfarin þrjú þing hafa verið sett lög þess efnis, að draga mætti frá f. o. b.-verði saltsíldar verð umbúða og sérstakra hjálparefna, áður en útflutningsgjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1976 væri reiknað og innheimt. Lög in hafa gilt fyrir eitt framleiðsluár í senn.

Rök fyrir þessum ráðstöfunum hafa m. a. verið þau, að síldarsöltun hafi algera sérstöðu varðandi umbúðakostnað þeirra framleiðslugreina, sem greiða útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 5/1976. Tunnur eru fluttar inn fyrir upphaf síldarsöltunar og síðan utan aftur eftir lok hennar og eru um fimmtungur af því verðmæti, sem útflutningsgjald væri reiknað af að óbreyttum lögum nr. 5/1976. Í öðrum greinum er talið, að umbúðakostnaður sé innan við 3%.

Kaupverð hverrar tunnu og krydds hefir hækkað verulega síðan á s. l. ári, en sykur hefir hins vegar lækkað nokkuð. Samt er verðþróun í heild svipuð og milli árunna 1979 og 1980, en á síðasta ári hækkuðu tunnur og hjálparefni úr kr. 101,00 í kr. 156,00 og nú hefir enn orðið svipuð hækkun eða í kr. 236,60.

Það voru tvær ástæður fyrir lagasetningu um þetta efni undanfarin ár, þ. e. a) hlutfall kostnaðar af umbúðum og hjálparefnum er við framleiðslu saltsíldar miklu herra en við framleiðslu annarra afurða, sem greitt er af útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 5/1976 og

b) verðlagning saltsíldar undanfarin ár eins og nú hefir verið torveld. Verðlagsráð sjávarútvegsins hefir því beitt sér fyrir því að útflutningsgjaldið væri lækkað.

Lítið er nú vitað um hver þróun verður framvegis í verðlagi saltsíldar, en hins vegar bendir nú ekkert til þess að kostnaður af umbúðum og hjálparefnum sem hlutfall af útflutningsverði lækki, en það er einmitt þetta háa hlutfall, sem telja verður meginrökin fyrir þessum ráðstöfunum undanfarin ár og einnig nú. Það er hins vegar þungt í vöfum, að setja árlega lög um þetta efni og er því lagt til í frumvarpi þessu að sjávarútvegsráðherra verði falið að taka afstöðu til málsins framvegis uns Alþingi kann að ákveða annað.

Með lögum nr. 88/1980, sem fjölluðu um tilsvarendi tilhliðrun varðandi útflutningsgjald af saltsíld vegna umbúða og sérstakra hjálparefna, var enn fremur ákveðið að fella með öllu niður útflutningsgjald af ediksöltuðum síldarflökum og öðrum síldarflökum, sem verkuð eru á svipaðan hátt. Flök þessi hafa verið seld til V-Þýskalands en 1979 ákvað Efnahagsbandalag Evrópu að leggja 5% innflutningstoll á slík flök frá 1. janúar 1980, en þau voru tollfrjáls áður. 1. janúar 1981 var tollurinn síðan hækkaður í 8%. Nú hefur verið ákveðið að þessi tollur hækki í hámark, sem er 20%, hinn 1. nóvember 1981.

Í frumvarpi þessu er lagt til að þetta ákvæði standi áfram sem heimildarákvæði, enda eru engin líkindi til að tollur þessi verði afduminn.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. mgr.

Þegar verð á loðnu til bræðslu frá 1. október til áramóta var ákveðið af yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, var ein af forsendum verðákvörðunar, að útflutningsgjald af loðnumjöli og -lýsi, sem framleitt er á tímabilinu 1. október til 31. desember 1981, lækkaði um hlut almennu deildar og verðjöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs í útflutningsgjaldi. Þessar tvær deildir fá nú samtals 35% af útflutningsgjaldinu. Þetta felur í sér að útflutningsgjald af loðnumjöli og -lýsi lækkar úr 5,5% af fob.-verðmæti útflutnings í 3,575%.

Þegar leið að ákvörðun loðnuverðs frá 1. október var ljóst að breyting hafði orðið á markaðsstöðu loðnuafurða frá því sem miðað var við, þegar verð á loðnu var ákveðið í ágúst síðastliðnum. Þessarar breytingar á markaðsstöðu var að vísu þegar farið að gæta í ágúst, en þó var vonast til að hún lagaðist á ný, er liði á haustið, eins og stundum hefur verið reyndin á undanförunum árum. Það hefur hins vegar ekki orðið að þessu sinni, a. m. k. ekki enn.

Í lok síðasta árs var loðnumjöl selt á um 9,00 dollara hver eggjahvíteining og hvert tonn af lýsi var selt á nálægt 450 dollara. Við ákvörðun loðnuverðs í ágúst síðastliðnum var miðað við 8,00 dollara mjölverð og 400 dollara lýsisverð. Markaðsverð var þá þegar orðið lægra en þetta, en tekið var tillit til þess, að nokkuð af framleiðslunni hafði verið selt fyrirfram á herra verði. Í október var mjölverðið hins vegar komið niður í 7 dollara og lýsisverðið í um 370 dollara. Mjölverð í dollurum var þannig um 22% lægra en um síðustu áramót og lýsisverð um 18% lægra. Veigamikil ástæða þessarar verðlækkunar er hækkun á gengi dollars gagnvart Evrópumyntum. Þótt verð sé skráð í dollurum og viðskipti fari yfirleitt fram í þeirri mynt, er mikið af þessum viðskiptum við kaupendur í Evrópulöndum. Sé mjöl- og lýsisverð til dæmis umreiknað í þýsk mörk, kemur í ljós að verðlækkunin er mun minni, og í sterlingspundum er reyndar um nokkra verðhækkun að ræða. Þótt gengisbreytingar hafi haft mikil áhrif á verðþróunina í dollurum, þá hefur eftirspurn eftir mjöli og lýsi einnig verið óvenju lítil miðuð við undanfarin ár og hefur það einnig veikt markaðinn.

Við ákvörðun loðnuverðs 21. október síðastliðinn voru afurðatekjur loðnuvinnslu áætlaðar 744 krónur á hvert tonn hráefnis og var það einungis 10—15% aukning í krónum frá sama tíma í fyrra. Kostnaður við veiðar og vinnslu hafði hins vegar hækkað um 40—50%, og til dæmis höfðu laun hækkað um nálægt 50%. Vinnslukostnaður var áætlaður rúmlega 460 krónur á hvert tonn hráefnis og heildargjöld loðnuvinnslu miðað við það hráefnisverð, er

gilti til septemberloka, var um 990 krónur. Þannig vantaði 246 krónur, eða um þriðjung af vinnslutekjum, til þess að tekjur dygðu fyrir gjöldum. Innstæða á loðnureikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins var þrotin, þannig að tekjuvöntunin varð ekki bætt með greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði að óbreyttum aðstæðum.

Í ljósi hinnar erfiðu stöðu greinarinnar var hráefnisverð lækkað úr 450 krónum hvert tonn í 425 krónur. Til þess að tryggja áframhaldandi rekstur loðnuveiða og vinnslu var jafnframt ákveðið að lækka útflutningsgjald af loðnuafurðum um hluta almennu deildar og verðjöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs, eða úr 5,5% af fob.-verðmæti útflutnings í 3,575%. Jafnframt urðu fulltrúar veiða og vinnslu sammála um, að við þessar óvenjulegu aðstæður yrði að afla fjár í Verðjöfnunarsjóð með lántöku, en endurgreiðsla lánsins yrði þó bundin tiltekinni þróun markaðsverðs, þannig að hagur veiða og vinnslu yrði viðunandi, áður en til greiðslu lánsins kæmi. Með lækkun hráefnisverðs, sem rýrir afkomu útgerðar og sjómanna, lækkun útflutningsgjalds, greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði og því, að verksmiðjurnar taka á sig verulegan rekstrarhalla, tókst að brúa bilið á milli tekna og gjalda og tryggja áframhaldandi loðnuveiðar og -vinnslu.

Þetta frumvarp er einn liður í þeim aðgerðum, sem að framan greinir. Almenn deild Aflatryggingasjóðs fær nú 15% af tekjum af útflutningsgjaldi en verðjöfnunardeildin 20%. Fjárhagur almennu deildarinnar er góður, meðal annars vegna umtalsverðra tekna af loðnuafurðum á undanförunum árum, en loðnuútgerð hefur ekki notið bóta úr deildinni. Fjárhagur verðjöfnunardeildar er viðunandi. Við núverandi aðstæður er ekki unnt að reikna með því, að loðnuafurðir geti staðið undir greiðslum í þessa deild Aflatryggingasjóðs.

Um 2. mgr.

Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda hefir vakið athygli sjávarútvegsráðuneytisins á og lýst áhyggjum sínum af því, að við Íslendingar eigum á hættu að missa markaði okkar fyrir þurrkverkaðan saltfisk vegna erfiðrar og óeðlilegrar samkeppni einkanlega við Norðmenn eins og síðar verður að vikið. Er þetta því bagalegra sem saltfiskframleiðsla hefir stóraukist undanfarið og þess vegna er æskilegt að létta á auknum þrýstingi á blautfiskmörkuðum í Suður-Evrópu. Þurrkfiskreikningur saltfiskdeildar Verðjöfnunarsjóðs er tómur og er því þangað engan styrk að sækja.

Bent er á þýðingarmikið atriði í þessu sambandi, en það er að forða því, að verkunnátta við þurrkfiskverkun glatist. Er á það minnt, að Kanadamenn, sem áður framleiddu mikið magn af saltfiski eru nú að brjóta sér leið inn á saltfiskmarkaðina að nýju, en eiga í miklum erfiðleikum, a. m. k. í bili, vegna þess að verkunnátta og verkþjálfun hefir með öllu gleymst.

Til frekari glöggvunar er hér birtur kafli úr skýrslu Valgarðs Ólafssonar, framkvæmdastjóra, sem flutt var á aðalfundi S. Í. F., í júní s. l. svo og tafla um þróun þurrkfiskmarkaðanna frá 1964:

„Í desember s. l. birtist í tímaritinu „Fiskets Gang“ grein eftir fulltrúa úr fiskimálaráðuneytinu norska, um ríkisstyrk til norskra útgerðarmanna og fiskframleiðenda, undir fyrir-sögninni „Fiskeripolitisk jordskjelv i april?“ Í greininni er látið liggja að því, að skattborg-urum þætti nóg komið, og að einhver breyting hlyti að verða óhjákvæmileg. En apríl er liðinn og ekkert hefir gerst. Samkvæmt upplýsingum fulltrúans námu ríkisstyrkirnir til sjávarútvegs og fiskvinnslu 1980 allt að 70% af öllum launagreiðslum í greininni. Þetta er hin opinbera tala, en eftir öðrum heimildum virðist mega fullyrða, að styrkirnir 1980 hafi numið sem svarar öllum aflahlut og öllum launagreiðslum í fiskiðjuverum í landi. Eftir að olían kom til í Noregi, er fiskiðnaðurinn olnbogabarn, sem stutt er við til þess að koma í veg fyrir landflotta úr Norður-Noregi. Þetta er mikið átak, því að á síðustu árum hefir útflutningur Norðmanna á þurrkuðum saltfiski numið um 50 000 lestum á ári. Síðustu mánuðina hafa söluverð Norðmanna á þurrkuðum saltfiski legið aðeins svo sem 25—35%

ofan við söluverð okkar á blautsöltuðum fiski. Þetta eru í rauninni þau verð, sem okkur eru skömmtuð á heimsmörkuðum.

Og þar sem við höfum enga ríkisstyrki, en greiðum aftur á móti 5 1/2% útflutningsgjald af öllum útflutningi saltfisks, búum við háa vexti og höfum hærri flutningsgjöld en keppinautarnir, hærri flutningskostnað o. s. frv., ætti það tæpast að valda mikilli furðu, að þurrkun á saltfiski hefir nánast lagst niður á Íslandi í bili.

Útflutningur þurrkaðs fisks s. l. ár var reyndar ofan við meðaltal síðustu fjögurra ára að magni til eða samtals 2 539 tonn, en samsetning útflutts magns var allt önnur en verið hefir nokkurn tíma áður.

Venjulega hefir Brasilía verið stærsti kaupandinn að þurrkuðum fiski, en nú bregður svo við að Zaire tekur fyrsta sætið á listanum, 741 tonn, en Brasilía næst á eftir, eða aðeins 617 tonn. Sama verður uppi á teningnum þegar við lítum á tegundasamsetninguna: úrgangsfiskurinn kemur í fyrsta sæti, 930 tonn, en þorskur næst á eftir, 900 tonn. Það er því augljóst, að það sem fyrst og fremst setur svip á 1980 útflutninginn af þurrkuðum saltfiski er það, að okkur tókst að þurrka út allar gamlar birgðir af úrgangsfiski til Zaire og að nokkru leyti til Portúgal.

Um sölu þurrkaðs saltfisks í framtíðinni er svo sem ekki mikið að segja á þessu stigi málsins. Ég hóf þessa frásögn með því að skýra frá vinnubrögðum Norðmanna af því að ég tel afleiðingar þeirra skipta okkur höfuðmáli eins og stendur. Það eru miklir markaðir fyrir þurrkaðan saltfisk, utan þeirra landa sem við seljum mest af okkar blautfiski, svo sem í Suður-Ameríku, Mið-Ameríku, Frakklandi og víðar, spurningin er aðeins um verð. Það er sjálfsgætt hlutur, að einstakir fiskþurrkendur hafi gefist upp á að þurrka eftir því sem verðlag á þurrkuðum fiski hefir lækkað í hlutfalli við verð á blautsöltuðum fiski. En vinnubrögð Norðmanna gætu breyst. Og jafnvel þótt þau breytist ekki er vert að hafa í huga, að með þeirri gífurlegu aukningu, sem nú virðist blasa við í framleiðslu saltfisks í Kanada, hér og víðar, verður óhjákvæmilegt í framtíðinni að nýta þá möguleika, sem fyrir hendi eru með þurrkaða fiskinn.

Ég tel að nauðsynlegt sé, að S. Í. F., sem er e. t. v. stærsti söluaðili saltfisks í heiminum, taki það til alvarlegrar athugunar, hvort ekki sé rétt að gerðar verði ráðstafanir til þess að vera með á helstu þurrkfiskmörkuðunum, jafnvel þótt í smáum stíl væri. Það er alveg ljóst, að slíkar ráðstafanir kosta talsvert fé eins og nú standa sakir. En sá tími gæti allt eins runnið upp í næstu framtíð að það reynist ennþá dýrara að hafa algjörlega vanrækt samböndin á þurrkfiskmörkuðum og jafnvel tapað þeim“.

Þurrkfisksala hefur verið sem hér segir s. l. 17 ár.

Ár	Brasilía	Frakkland	Panama	Portúgal	Zaire	Önnur lönd	Samtals
1964	867	0	0	0	0	104	971
1965	1 757	0	172	0	0	562	2 491
1966	1 198	0	108	0	0	104	1 410
1967	1 016	0	29	55	0	109	1 209
1968	2 059	0	84	0	0	115	2 258
1969	4 216	0	93	163	10	296	4 778
1970	2 187	0	126	1 207	213	230	3 963
1971	2 392	96	333	2 441	196	139	5 597
1972	2 726	162	353	2 308	285	224	6 123
1973	2 924	146	230	1 357	340	61	5 629
1974	968	169	101	2 717	285	99	5 203
1975	1 265	60	311	2 554	200	57	4 963
1976	2 378	120	268	1 601	812	203	5 643
1977	743	0	117	183	395	126	1 635
1978	1 138	4	176	0	625	69	2 058
1979	1 102	257	296	412	348	331	2 756
1980	617	322	185	499	741	175	2 539

Á grundvelli þess ástands, sem hér er lýst, hafa farið fram viðræður um úrræði til að leggja ekki með öllu niður þurrkun á saltfiski. Einn þáttur í því gæti verið að aflétta útflutningsgjaldi af þurrkuðum saltfiski, þótt það nægi engan veginn til að skapa rekstrargrundvöll fyrir þessa verkun. En málið er að öðru leyti í athugun og standa vonir til þess, að á þessu ári verði tekin til þurrkunar 2 000 til 3 000 tonn af blautfiski, sem gætu orðið allt að 1 600 tonnum af þurrkfiski.

Miðað við að 2 000 tonn af blautfiski yrðu tekin til þurrkunar, en um það er nú helst talað, næmi þurrkfiskmagnið um 1 350 tonnum. Útflutningsgjald af því magni gæti numið um 1,9 millj. kr. eða innan við 1% af heildartekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem er spáð að geti numið um 275 millj. kr. á þessu ári.

Um 3. mgr.

Veði kolmunna í Atlantshafi hefir farið vaxandi hin síðari ár, var 1975 um 110 þúsund tonn en á s. l. ári um 1 410 þúsund tonn. Hlutur okkar Íslendinga í þessari veiði hefir verið lítill eða 5 000 til 7 500 tonn árin 1975 til 1980. Talið er að hrygningarstofninn geti numið um 8 millj. tonnum og efamál sé að hann þoli meiri árlega veiði en orðin er. Gæti það orðið til þess, er tímar líða, að tekin yrði upp kvótaskipting, sem að mestu yrði miðuð við afla hveirrar þjóðar undanfarin ár, þótt það þurfi ekki að vera einhlítur mælikvarði.

Talsverður hluti kolmunnaveiðanna hefir átt sér stað undan N-Austurlandi.

Ástæður fyrir því, hve smár hlutur Íslendinga í veiðinni hefir verið, er að kolmunninn hefir svo til allur farið í bræðslu, en verðlag mjöls og lýsis ekki verið slíkt að greitt væri viðunandi hráfnisverð til að veiðar hafi borið sig. Seinustu þrjú ár hafa verið greiddir styrkir til hækunar hráfnisverðs, en þeir hafa ekki nægt til að skapa almennan áhuga á þessum veiðum.

Kolmunnaleit hefir nokkuð verið stunduð af Hafrannsóknastofnun með sérstökum styrkjum sem sjávarútvegsráðuneytið hefir útvegað, en þó má segja að veiðimöguleikar okkar séu ekki fullkannaðir. Þá hefir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gert tilraunir með þurrkun (skreiðarvinnslu) kolmunna og sýna niðurstöður af þeim að mögulegt er að vinna kolmunna til manneldis, þótt enn sé óljóst, hvort vinnslan geti staðið undir nægilega háu hráfnisverði til að skapa áhuga á veiðunum. Sjávarútvegsráðuneytið hefir stutt þessar tilraunir með beinum og óbeinum hætti.

Á seinasta ári var nokkurt magn unnið eftir leiðbeiningum Rannsóknastofnunarinnar, allt í sérhönnuðum vinnslurásum eftir forsögn stofnunarinnar. Jarðhiti var og er notaður við þurrkunina. Einnig hefir Þörungavinnslan h. f., keypt á þessu ári 500 tonn af kolmunna af Rússum, sem unninn var í verksmiðjunni á Reykhólum. Talsvert vantar á, að reksturinn beri sig, þannig að ekki virðist fást greiddur nema um fjórði hluti af fjármagnskostnaði. En útflutningsgjald af þeirri skreið, sem unnin var úr þessu magni, og flutt var til Nígeríu, nam kr. 146 593. Ekki er við að búast mjög auknum umsvifum á þessu sviði á næsta ári, þótt ekki verði neitt sagt um það með vissu á þessu stigi.

Þessar tilraunir Þörungavinnslunnar nú og væntanlega síðar á þessu ári og næsta ári eru afar mikilvægar að því leyti, að þær gefa bendingar um markað fyrir kolmunnaskreið auk þess að það hefir sýnt sig, að kolmunnavinnsla með jarðhita er framkvæmanleg. Á seinasta ári gerðu tveir aðrir aðilar sams konar tilraunir.

Með vísan til framanritaðs er lagt til í frumvarpi þessu, að útflutningsgjald af kolmunnaskreið verði fellt niður a. m. k. um sinn í von um að úr því fáiast skorið, hvort hún sé hagkvæm vinnsluáðferð og þá hvort rétt sé að við Íslendingar stefnum að því að auka hlut okkar í kolmunnaveiðum. Jafnframt geri menn upp sinn hug um það, hvort rétt sé að auka kolmunnarannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar svo og vinnslu- og markaðs-rannsóknir.